

13. júlí s. á. og þá jafnframt lagðar fram lögregluskýrslur og niðurstaða alkóhólrannsóknar. Að beiðni skipaðs verjanda ákærða fóru fram framhaldsrannsóknir í málinu í Árnessýslu, fyrir sakadómi Reykjavíkur, í Rangárvallasýslu og að nýju í Árnessýslu. Framhaldsrannsóknir þessar hafa allar tafið mjög framgang málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Andrésón, sæti varðhaldi í 20 daga.

Frá birtingu dóms þessa að telja er ákærði sviptur öku-réttindum ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnar, þar með talin málsvarn-arlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Gunnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 7.000.00.

Dómi þessum þer að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. apríl 1970.

Nr. 19/1970. **Sigurjón Einarsson**

(Hrafnkell Ásgeirsson hdl.)

gegn

**Fiskiðjuni h/f og Tryggingamiðstöðinni h/f
og gagnsök**

(Jóhannes L. L. Helgason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Kristján Þór Kristjánsson véltæknifræðingur og Friðþór Guðlaugsson vélvirkjameistari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1970. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda Fiskiðjuni h/f verði dæmt að greiða honum kr. 1.757.716.40

ásamt 7% ársvöxtum frá 15. júní 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst aðaláfrýjandi sýknu af málskostnaðarkröfu gagnáfrýjanda Tryggingamiðstöðvarinnar h/f í héraði, en hefur að öðru leyti ekki uppi kröfur á hendur þessum gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Gagnáfrýjandi Fiskiðjan h/f krefst sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Gagnáfrýjandi Tryggingamiðstöðin h/f krefst málskostnaðar í héraði úr hendi aðaláfrýjanda, en gerir ekki aðrar kröfur á hendur honum.

Atvikum máls þessa er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð fram ný álitserð cand. act. Þóris Bergssonar um tjón aðaláfrýjanda vegna örorku af völdum slyss þess, sem mál þetta er af risið, dags. 28. marz 1970, og segir þar svo m. a.:

„Í útreikningi, dagsettum 9. apríl 1969, reiknaði ég út örorkutjón Sigurjóns Einarssonar vegna slyss 15. júní 1966. Í þeim útreikningi er gerð grein fyrir slysinu og afleiðingum þess. Einnig er þar örorkumat Páls Sigurðssonar trygginga-yfirlæknis, dags. 14. febrúar 1969, þar sem tímabundinn og varanlegur orkumissir Sigurjóns er metinn.

Frá því síðasti útreikningur minn var gerður, hafa átt sér stað mjög verulegar hækkningar á kauptöxtum verkamanna. Einnig skal bent á, að meðalgiftingaraldur íslenskra karla hefur lækkað samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands allt að þrem árum. Í þessum útreikningi hef ég þó ekki talið rétt að reikna með þessari lækkun að fullu og nota meðalgiftingaraldurinn 26 ár. Ég verð þó að telja það vafasamt að nota svo háan giftingaraldur, þar sem Sigurjón hefur sýnt, að hann hefur haft óvenjulega hæfileika til tekjuöflunar fyrir slysið, þrátt fyrir hve ungur hann var. . . .

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nú nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 359.843.00
— varanlegrar örorku	— 1.111.447.00

Samtals kr. 1.471.290.00

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Sigurjón kann að hafa fengið greitt frá atvinnurekanda fyrst eftir slysið.
2. Sigurjón á rétt á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins, sem munu nema á slysdegi kr. 216.400.00.
3. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað sömu forsendur og í fyrri útreikningi“.

Ekki verður séð, að aðaláfrýjandi hafi sýnt af sér óvarkárni við starfa sinn, er honum skrikaði fótur af óhappatilviljun á hinum hála trégrindarpalli fyrir framan hausun-
arvélina, enda hvorki í ljós leitt, að lagt hafi verið fyrir aðaláfrýjanda að halda pallinum hreinum né honum fengin tæki til þess, sópur eða vatnsslanga.

Rofi vélarinnar var bilaður, og má rekja slys þetta til þessa vanbúnaðar. Ber gagnáfrýjandi Fiskiðjan h/f því að fullu fébótaábyrgð á tjóni aðaláfrýjanda vegna slyss þessa.

Aðaláfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig, en þess skal getið, að hann hefur eigi farið eftir ákvæðum 45. gr. laga nr. 57/1962 við hina auknu kröfugerð sína:

1. Vinnutekjutap vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku kr. 1.471.290.00
 Þar frá dragast örorkubætur, kr. 263.188.00, og dagpeningar kr. 91.135.60, er Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt aðaláfrýjanda vegna slyss hans — 354.323.60

 kr. 1.116.966.40
2. Bætur fyrir lýti, þjáningar og röskun á stöðu og högum — 500.000.00

3. Ferðakostnaður	kr.	16.000.00
4. Dvalarkostnaður í Reykjavík, meðan á sjúkrapjálfun og lækniáðgerðum stóð ..	—	167.000.00
5. Kostnaður við örorkumat og tjónútreikning	—	7.750.00
		<hr/>
		kr. 1.807.716.40
Þar dragast frá tryggingarbætur frá Tryggingamiðstöðinni h/f	—	50.000.00
		<hr/>
		kr. 1.757.716.40

sem aðaláfrýjandi krefst úr hendi gagnáfrýjanda Fiskiðjunnar h/f.

Um 1. kröfulið. Með hliðsjón af örorkumati aðaláfrýjanda, tjónmatsgerðum og öðrum gögnum, er fram hafa komið í málinu, og þegar þess er gætt, að bætur, sem hér er um að tefla, eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þykir óbætt tjón aðaláfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 520.000.00. Hafa þá verið frádregnar tryggingarbætur, er áður gøtur, samtals að fjárhæð kr. 404.323.60 (kr. 354.323.60 + kr. 50.000.00).

Um 2. kröfulið. Þegar virt eru læknisgögn málsins og sjúkrasaga aðaláfrýjanda, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 75.000.00.

Um 3. og 4. kröfulið. Liðir þessir eru yfir ferðakostnað aðaláfrýjanda, kr. 16.000.00, og dvalarkostnað hans í Reykjavík, kr. 167.000.00. Hefur hann lagt fram í málinu farmiðakvittanir, samtals að fjárhæð kr. 11.750.00, en enga reikninga yfir dvalarkostnað sinn í Reykjavík, sem hann reiknar sér kr. 500.00 á dag, einnig fyrir þá daga, er hann dvaldist á sjúkrahúsi, svo sem nánar er greint frá í héraðsdómi í vottorði Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis, en alls telur aðaláfrýjandi, að hann hafi dvalizt utan heimilis síns í 335 daga vegna lækniáðgerða og sjúkrapjálfunar.

Þykir hæfilegt að taka þessa kröfuliði til greina með samtals kr. 60.000.00.

Um 5. kröfulið. Kostnað þann, er hér um ræðir, er rétt að taka með við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu telst óbætt heildartjón aðaláfrýjanda kr. 655.000.00. Ber gagnáfrýjanda Fiskiðjunni h/f að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 15. júní 1966 til greiðsludags. Þá ber gagnáfrýjanda Fiskiðjunni h/f að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 110.000.00.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar aðaláfrýjanda til handa gagnáfrýjanda Tryggingamiðstöðinni h/f.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Fiskiðjan h/f greiði aðaláfrýjanda, Sigurjóni Einarssyni, kr. 655.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. júní 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 110.000.00.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar aðaláfrýjanda til handa gagnáfrýjanda Tryggingamiðstöðinni h/f skal vera óraskað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 8. desember 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Sigurjóni Einarssyni, Landagötu 3, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 29. apríl 1969, birtri 3. og 12. maí 1969, á hendur Guðmundi Karlssyni framkvæmdastjóra, Urðavegi 11, Vestmannaeyjum, f. h. Fiskiðjunnar h/f, Vestmannaeyjum, og Gísla Ólafssyni forstjóra, Hávallagötu 32, Reykjavík, f. h. Tryggingamiðstöðvarinnar h/f, Aðalstræti 6, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta vegna slyss, sem stefnandi varð fyrir 15. júní 1966.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum kr. 1.656.053.40 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. júní 1966 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum sam-

kvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Jafnframt áskildi stefnandi sér rétt til að hækka kröfur á síðara stigi, ef í ljós kæmi, að þær væru of lágt reiknaðar.

Mætt var í málinu af hálfu hinna stefndu og þær kröfur gerðar, að stefndu verði bæði sýknuð í máli þessu og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Að því er Fisk-iðjuna h/f varðar, var gerð sú varakrafa, að bótakrafan verði verulega lækkuð með hliðsjón af sök og öðrum atvikum og málskostnaður niður felldur.

Miðvikudaginn 15. júní 1966 var stefnandi við vinnu í Fisk-iðjunni. Vann hann við hausunarvél í svokölluðum vélflökunarsal, og var starf hans í því fólgið að stjórna vélinni og hagræða fiskinum, áður en hann færi inn í vélina, eða leggja fiskinn í vélina. Fiskurinn barst að eftir færiband. Sjálfur stóð stefnandi á rimlapalli framan við vélina. Nokkru eftir kvöldmat, er vélin var í gangi, vildi það til, að stefnandi rann í slori á rimlapallinum, og lenti vinstri hönd hans ofan í færiskúffu, sem flytur fiskinn að hausunarhnífnum. Barst höndin þegar undir griparm vélarinnar og sat þar föst. Í sama bili seildist stefnandi með hægri hendi í slökkvarann (stopprofann), og stöðvaðist þá vélin þegar. Síðan slepti hann taki á rofanum, en vélin hélt þá áfram. Ýtti hann þá undir eins aftur á rofann og hélt honum inni. Kvaðst hann nú hafa kallað á Guðmund Ólafsson vélstjóra, er var nærstaddur, og beðið hann að koma til hjálpar. Guðmundur kom strax og fór að halda við rofann. Að sögn stefnanda kallaði Guðmundur í stráka, sem voru þarna nálægt, og beiddi þá að taka örygginn úr rafmagnstöflunni, sem er í skáp á vesturvegg rétt hjá vélinni. En strákarnir vissu ekki, hvaða öryggi var fyrir hausarann. Slepti þá Guðmundur rofanum og fór sjálfur að taka örygginn úr. Um leið fór vélin aftur í gang, og barst nú höndin í hausunarhnífana, og skárust í sundur sínar, taugar og æðar í handleggnum rétt ofan við úlnliðinn. Kvaðst stefnandi þegar hafa gripið til rofans og stöðvað vélina. Var þá höndin laus, vegna þess að griparmur vélarinnar opnaðist, um leið og hnífurinn skar. Fór hann þá niður, og batt stúlka um sár hans til bráðabirgða. Síðan var honum ekið upp á sjúkrahús. Eftir um það bil klukkutíma dvöl á sjúkrahúsinu kom sjúkraflugvél, sem flutti hann til Reykjavíkur, og var hann lagður inn á Landspítalann. Var þar gert að meiðslum hans. Hann lá í 12 daga á Landspítalanum, en síðan dvaldist hann í Reykjavík undir lækni-hendi. Er hann gaf aðiljaskýrslu fyrir réttinum 19. júní s.l., kvað

hann sig minna, að hann hafi síðan komið hingað til Eyja, en 16. júlí 1966 fór hann að Reykjalundi og dvaldist þar fram í desember. Fór hann þá aftur á Landspítalann og var þar framkvæmd á honum ný lækniáðgerð. Lá hann þar í 5 daga. Að hann minnti fór hann til Eyja fyrir jólin og var með höndina í gipsi. Eftir nýárið fór hann til Reykjavíkur, og var þá gipsið tekið utan af hendinni. Síðan fór hann til Vestmannaeyja og vann þar fram eftir árinu. Um haustið fór hann til Reykjavíkur, og upp úr því var hann lagður inn á Landspítalann og ný áðgerð framkvæmd. Þar var hann í 5 daga, en síðan fór hann á æfingastöð fatlaðra og lamaðra við Sjafnargötu. Hann fór til Eyja fyrir jólin 1967, en fór til Reykjavíkur eftir nýárið og dvaldist á æfingastöðinni í 2 eða 3 mánuði. Á vertíðinni 1968 kom hann til Eyja og fór að vinna hér, en þurfti öðru hverju að fara til Reykjavíkur til lækninga. Í september 1968 fluttist hann til Reykjavíkur og hefur dvalizt þar síðan. Um haustið 1968 fór hann enn í áðgerð á Landspítalann og dvaldist þar í 5 eða 6 daga. Enn fór hann á æfingastöð lamaðra og fatlaðra og dvaldist þar fyrir og eftir síðustu áramót. Síðan var hann atvinnulaus um tíma. En 16. júní s.l. hóf hann vinnu í Straumsvík og er þar þaðvörður. Hann kvaðst ekki vera fær um að stunda venjulega verkamannavinnu. Allur vinstri handleggur hefur rýrnað, og hann getur ekki rétt úr fingrum þeirrar handar, og þumalfingur er krepptur. Hann kveðst jafnan hafa seiðing í handleggnum, og við áreynslu finnur hann til sviða. Hann kvaðst ekki hafa haft þrautir í hendinni eftir slysið, því að handleggurinn hafi dofnað og hafi það ekki lagazt enn.

Stefnandi er fæddur 4. desember 1948 og var því 18 ára, þegar slysið átti sér stað. Hann varð gagnfræðingur 1965 og vann eftir það í Fiskiðjunni. Um veturinn vann hann við að setja fisk á borðin undir pökkun, en eftir vertíðina byrjaði hann að vinna við hausunarvélina og hafði unnið við vélina rúman mánuð, áður en slysið varð. Hann kvaðst hafa mjög slæma sjón, vera svo til blindur á hægri auga, en með sæmilega sjón á vinstra auga með gleraugum. Gleraugu hefur hann notað frá því hann var 2ja ára. Hann kvaðst halda, að sjóndepran hafi ekki bargað hann í starfinu. Sjóndepran hafi ekki orðið honum til barga við almenna verkamannavinnu, en aftur á móti við öll fínleg störf. Hann kvaðst eiga erfitt með að lesa og noti hann stækkunargler, og þannig fór hann að, er hann var við nám.

Fáir voru staddir í vélflökunarsalnum, er slysið vildi til, og

enginn varð áhorfandi að tildrögum þess. Guðmundur Kristinn Ólafsson, Brimhólabraut 13, var að vinna við flökunarvél í salnum. Allt í einu heyrði hann kall. Leit hann upp og sá, að eitthvað var að hjá stefnanda. Hljóp hann til hans og sá, að hann var fastur í vélinni með aðra höndina. Með hinni hendinni hélt hann um stopprofa vélarinnar. Guðmundur kvaðst nú hafa tekið við að halda rofanum inni, því að hann þóttist vita, að rofinn ryfi ekki strauminn að öðrum kosti, enda hafði það komið fyrir áður, að rofinn rauf ekki strauminn, nema honum væri haldið inni. Guðmundur kallaði á Marinó Nordendal og beiddi hann að halda rofanum inni, meðan hann skryppi frá og tæki örygginn úr. Er Marinó var kominn að vélinni og tilbúinn til að styðja fingri á stopprofann, sleppti Guðmundur takinu og fór að rafmagnstöflunni og losaði örygginn. Er hann var búinn að því og leit til stefnanda, sá hann, að stefnandi var laus. Allt gerðist þetta á stuttum tíma. Hann kvaðst halda, að vélin hafi ekki farið í gang, er hann tók við af stefnanda að halda um rofann, en vilji þó ekki fortaka það, enda hafi komið mikið fát á hann, er hann sá, í hve mikla hættu stefnandi var kominn. Hann kvaðst ekki heldur geta gert sér grein fyrir, hvort vélin fór í gang, er hann sleppti rofanum í hendur Marinós. Hann kvaðst ekki hafa gert sér fyllilega ljóst, hvernig stefnandi var fastur, er hann kom til hans, en hélt, að vinstri handleggur hans hafi verið kominn undir griparm vélarinnar, en hve nærri hnífnum hönd hans var komin, kvaðst hann ekki geta sagt um. Hann kvaðst ekki hafa séð áverka stefnanda, en blóð sá hann á vélinni, er stefnandi var farinn. Hann kvaðst hafa sett örygginn í eftir slysið, og fór þá vélin í gang, án þess að stutt væri á startrofann, og kom þá í ljós, að startrofinn var bilaður.

Marinó Nordendal mætti ekki fyrir réttinum, en hann gaf skýrslu fyrir lögreglunni daginn eftir slysið. Skýrir hann svo frá, að hann hafi verið að vinna við flökunarvél rétt hjá hausunarvélinni, er slysið átti sér stað. Allt í einu kvaðst hann hafa heyrt kall og sá, að Guðmundur Ólafsson hljóp að hausunarvélinni. Þá hafði stefnandi lent með handlegginn undir griparmi vélarinnar, og hélt hann, að stefnandi hafi verið búinn að stöðva vélina, er Guðmundur kom að. Sjálfur kvaðst hann hafa farið að hausunarvélinni, og hélt þá Guðmundur rofanum inni. Hann kvaðst svo hafa tekið við að styðja á rofann, en Guðmundur fór að losa um örygginn. Er Guðmundur hafði losað örygginn, lyfti stefnandi upp griparmi vélarinnar og var þá laus. Hann kvaðst halda, að neðri

hnífurinn í vélinni hafi veitt stefnanda áverkann. Hann kvaðst ekki vita, hvernig slysið bar að, en verið var að hausa löngu, og oft þurfti að hagræða henni við griparminn og sé hugsanlegt, að stefnandi hafi verið að því og orðið of seinn að kippa hendinni frá.

Í réttarhaldinu 19. júní s.l. sagði stefnandi sig minna, að hann hafi verið að hausa ýsu í vélinni, er slysið varð. Yfirleitt sé auðvelt að hausa ýsu og sé henni ekki hætt við að aflagast í vélinni eins og sumum fisktegundum. Hann kvað allt hafa gengið með eðlilegum hætti, „ekkert óklárt í vélinni“, eins og hann orðaði það. Hann lýsti þá nánar tildrögum slyssins. Hann kvaðst hafa verið að draga fisk að hausaranum, er slysið vildi til. Eins og venja hans var, tók hann með hægri hendi um augu fisksins og dró hann að hausaranum, en um leið skrikaði honum fótur og féll fram yfir sig og til hliðar og lenti með vinstri hönd ofan í skúffu, sem flytur fiskinn að hnífnum. Hann var í gúmmístígvélum og með gúmmívettlinga, sem náðu upp á miðjan framhandlegg. Hann var aðeins í skyrtu að ofan. Hann sagði, að þegar Guðmundur Ólafsson var kominn til hans og farinn að styðja á stopprofann, hafi hann kallað í Marinó Nordendal og beðið hann að taka vartappana úr, en Marinó hafi ekki vitað, hvaða vartappa hann átti að taka. Hafi svo Marinó komið að hausunarvélinni, og, að hann hélt, tók þá Marinó við af Guðmundi að halda stopprofanum inni, meðan Guðmundur fór að taka úr örygginn, en um leið og þeir skiptu, fór vélin í gang og olli slysinu.

Guðmundur Ólafsson kvað það ekki rétt, að hann hafi beðið Marinó að taka örygginn úr, því að hann hafi vitað, að Marinó vissi ekki um örygginn í rafmagnstöflunni.

Pálmi Pétursson verkstjóri, Brimhólabraut (sic) 10, mætti sem vitni. Hann hefur verið verkstjóri í vélasal Fiskiðjunnar í mörg ár, og var verkstjóri þar, er slysið vildi til. Hann var staddur í litlu verkstæði við endann á salnum, er hann heyrði hróp frammi í salnum. Gekk hann fram, og sagði Guðmundur Ólafsson honum, að stefnandi hefði skorizt mjög illa í hausunarvélinni. Stefnandi var þá á leið niður á næstu hæð í byggingunni. Pálmi kvaðst hafa hlaupið eftir honum, og er hann kom til hans, var stúlka að byrja að binda um sár hans. Hann aðstoðaði síðan við að flytja stefnanda í sjúkrahúsið.

Hann sagði, að stefnandi hafi lítið verið búinn að vinna við hausunarvélina, er slysið varð. Hann kvað það venju sína að leiðbeina þeim, sem hefja vinnu við vélarnar, og gerir hann ráð

fyrir, að hann hafi einnig leiðbeint stefnanda, þó að hann minnst þess ekki lengur sérstaklega, er hann mætti sem vitni 19. júní s.l. Fyrst og fremst sé öllum bent á, hvar rofarnir séu, bæði sá, er stöðvar vélina, stopprofinn, og sá, sem setur hana í gang, start-rofinn. Við venjulega vinnu þarf að stöðva vélina og setja hana í gang oft á dag og stundum oft á klukkutíma, og enginn getur unnið við vélina, nema því aðeins að hann viti, hvar rofarnir eru. Einnig kvaðst hann jafnan hafa brýnt fyrir þeim, sem við vélina vinna, að þeir skyldu stöðva vélina, ef fiskur aflagaðist, og reyna ekki að laga hann til, meðan vélin væri í gangi. Stefnandi gerði engar athugasemdir við framburð Pálma að þessu leyti.

Pálmi Pétursson kvaðst hafa vitað, að stefnandi hafði ekki góða sjón og notaði gleraugu, og er til orða kom, að stefnandi færi að vinna við hausunarvélina, kvaðst hann hafa spurt hann að, hvort hann treysti sér til að vinna við vélina, og hafi stefnandi svarað því játandi. Stefnandi viðurkennir, að þetta sé rétt, en ekki hafi Pálmi minnst á sjón hans í því sambandi. Pálmi kvaðst ekki hafa vitað og vissi raunar ekki enn, hve mikil sjóndepra stefnanda var, enda hefði ekki verið krafizt af honum læknisvottorðs. Hann sagði, að það væri sín skoðun, að þörf væri á, að allir þeir, sem við fiskvinnsluvélar vinna, sýndu læknisvottorð, því að vélarnar væru hættulegar og nauðsynlegt, að þeir, sem við þær starfa, hefðu sæmilega sjón og væru ekki svima- eða yfirliðagjarnir og með góða andlega og líkamlega heilbrigði. Eins og áður er tekið fram, kvaðst stefnandi álíta, að sjóndepra hafi ekki bagað hann í vinnunni við vélina, og virðist því mega álykta, að hann telji, að orsakir slyssins verði ekki raktar til sjóndepru hans.

Pálmi Pétursson kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvort pallurinn eða rimlagrindin, sem stefnandi stóð á, hafi verið slorugri en venja var til í umrætt sinn, en yfirleitt sé pallurinn meira og minna slorugur. Hann kvað það starf mannsins, sem við vélina vinnur, að halda pallinum hreinum, ýmist með því að sópa slorinu burtu eða sprauta á það. Stefnandi kvaðst ekki minnst þess að hafa heyrt lagt fyrir manninn við hausunarvélina að hreinsa pallinn, og aldrei var slíkt haft á orði við hann. Hann sagði, að venjulegt væri, að maðurinn, sem væri á gólfinu, hreinsaði pallinn og yfirleitt væri það látið duga að sprauta á pallinn. Sjálfur kvaðst hann hvorki hafa haft sóp né annað tæki til að hreinsa pallinn, en öðru hverju ýtti hann slori og öðru niður af pallinum. Svo kvaðst hann og minnst þess, að hann, sérstaklega í matar-

tímanum, sprautaði yfir pallinn og gólfið í kring, og sjóslanga var nálægt, þar sem hann stóð. Hann sagði, að allurinn hefði verið slorugur, er slysið átti sér stað, en ekkert umfram það, sem venja var til, þegar unnið var við vélina.

Eins og áður er að vikið, kom í ljós eftir slysið, að startrofinn var bilaður. Sat hann fastur í startstöðu og gekk ekki út, þó að stutt væri á stopprofann. Stefnandi kvað rofann hafa verið í lagi allan daginn, allt þangað til slysið gerðist. Væri vélin stöðvuð oft á dag og jafnan oft á klukkustund, þegar hún væri í notkun. Pálmi Pétursson gat þess til, að bilun í rofanum gæti orsakast með þeim hætti, að stefnandi hafi í ógáti, er hann var að festast í vélinni, ýtt fast á startrofann og þar næst á stopprofann. Stefnandi taldi, að bilunin hefði ekki stafað af þessari ástæðu. Kvaðst hann hafa verið orðinn það æfður að stöðva og starta vélinni, að hann hafi ósjálfrátt jafnan stutt á réttan hnapp. Vélina hafi líka stöðvazt strax, er hann ýtti á hnappinn. Hann tók einnig fram, að hann mundi ekki hafa ýtt fast á rofann, enda væri afstaða þannig, að það væri tæplega hægt. Hilmar Högnason rafvirki var kvaddur til eftir slysið að skoða og gera við rofann. Komst hann að raun um, að fiberflís úr sjálfum starthnappnum hafði komizt inn í slíðrið innan við hnappinn og skorðað rofann fastan. Hann skipti um rofa daginn eftir, áður en vélin var tekin í notkun. Hann kvaðst gera ráð fyrir, að galli hafi verið á rofanum frá verksmiðjunnar hendi og hafi það orðið þess valdandi, að flís hafi hrokkið úr hnappnum, og gat það viljað til með þeim hætti, að högg hafi komið á starthnappinn eða honum ýtt of langt inn. Þá tók hann fram, að hugsanlegt væri, að flís brotni úr starthnappnum við högg eða við snöggan og mikinn þrýsting, þó að eigi sé á honum verksmiðjugalli. En þetta geti ekki átt sér stað við venjulega notkun, ef enginn framleiðslugalli er á hnappnum. Hann upplýsti, að hálfum mánuði áður en slysið skeði, hafi sjór komizt í rofann og gert hann óvirkan. Setti hann þá nýtt verk í rofahúsið og nýtt gúmmí.

Hausunarvélina, sem stefnandi vann við, er frá Nordischer Maschinenbau, Rud, Baader, Lübeck, og gengur undir nafninu Baader hausunarvél og er af gerðinni B-419. Samkvæmt upplýsingum umboðsins hér á landi eru 19 vélar af þeirri gerð í notkun á landinu. Hafa vélar af þeirri gerð verið mjög mikið notaðar hér á landi allt frá árinu 1960 og aldrei hlotizt slys af við notkun nema í þetta eina skipti, sem mál þetta snýst um. Slys stefnanda er það fyrsta og eina, sem umboðið hefur heyrt

um, að hlotizt hafi við notkun B-419. Öryggiseftirlit ríkisins hefur aldrei gert athugasemdir við notkun véla af gerðinni B-419 og ekki sett fram, svo að vitanlegt sé, kröfur um breytingar á upprunalegum öryggisútbúnaði. Pálmi Pétursson verkstjóri tók fram, er hann var leiddur sem vitni, að hann hefði ekki orðið þess var, að öryggiseftirlitið hefði gert neinar athugasemdir við staðsetningu rofanna eða búnað vélanna almennt. Rofarnir voru og eru hlið við hlið til hægri við þann, sem matar vélina, uppi undir borðbrúninni og auðvelt að seilast til þeirra eða ná til þeirra með hægri hendi. Engar breytingar á öryggisbúnaði voru gerðar, eftir að slysið vildi til, en hins vegar voru gerðar breytingar á færibandinu, sem flytur fiskinn að vélinni. Áður náði færibaldið að kassa með hallandi botni, sem var við borð vélarinnar, og rann fiskurinn úr kassanum inn á borðið. Kassinn var tekinn burtu og færibaldið lækkað og látið ná inn að borði vélarinnar. Ástæðan til breytinganna var sú, að færa þurfti til vigt, sem vegur fiskinn, áður en hann fer í hausarann. Að áliti Pálma Péturssonar er aðstöðumunur fyrir manninn, sem er við vélina, svo að segja enginn frá því, sem áður var. En komið gat fyrir áður, að fiskur sæti eftir í kassanum, og þurfti þá maðurinn við vélina að beygja sig eftir honum og draga hann inn á borðið.

Páll Sigurðsson læknir framkvæmdi örorkumat á stefnanda vegna slyssins og skilaði álitserð, dagsettri 14. febrúar 1969. Segir þar svo:

„Vinnuslys 15. júní 1966.

Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, sem vann sem verkaður í Fiskiðjuni h.f., Vestmannaeyjum, var í vélflökunarsal og var að leggja fisk í hausingarvél, en vinstri hönd hans festist í vélinni með þeim afleiðingum, að hann skarst illa. Það liggur fyrir vottorð Ólafs Hallgrímssonar, læknis í Vestmannaeyjum, frá 1. 8. 1966, og segir þar, að vinstri handlimur hafi verið skorinn um 5—6 cm fyrir ofan úlnlið. Þar segir, að slasaði hafi samdægurs verið sendur á Landspítalann í Reykjavík, þar sem hann dvaldist frá 27. 6. 1966.

Í ýtarlegu vottorði frá Hauki Þórðarsyni, yfirlækni á Reykjalundi, dags. 3. 11. 1966, er lýst slysi og meðferð og ástandi þá, og er vottorðið svohljóðandi:

Sigurjón Einarsson, f. 4. 12. 1948, Landagötu 3 A, Vestmannaeyjum. Ofangreindur 17 ára piltur lenti með vinstri hönd í fiskhausingarvél, er hann var að vinna í Fiskiðjuni h.f. í Vestmannaeyjum þann 15. 6. 1966. Við þetta hlaut hann mikið sár

ca. 5 cm ofan við vinstri úlnlið, lófamegin. Í sundur skárust allar kreppisinar á því svæði nema sin m. flexor pollicis longus og m. flexor carpi radialis. Einnig skárust n. ulnaris og n. medianus, og os ulnae brotnaði. Hann var fluttur samdægurs til Reykjavíkur og innlagður á Landspítalann, deild IV, þar sem sinar og taugar voru saumaðar saman. Hann lá 12 daga á Landspítalanum og kom á Reykjalund þ. 15. 7. 1966 með það fyrir augum að fá æfingar fyrir höndina. Hér hefur hann dvalið síðan.

Ástand handar í dag er sem hér segir: Extensio í úlnlið er allgóð, flexio í úlnlið er lakari, einkum lélegur kraftur radíalt við flexio. Radial deviation í úlnlið er léleg, úlnar deviation er sterk. Interosseus stöðvar eru mjög kraftlitlar. Lumbrical vöðvar sömuleiðis, þannig að flexio um MCP liði er kraftlítill. Flexor digitorum sublimus er kraftgóður, en flexor digit. profundus eru kraftlitlir. Þannig hefur hann sterka flexio í PIP liðnum, en lélega í DIP. Enda þótt góður kraftur sé í fingurextensionum fæst slæm rétting í PIP liðnum, vegna þess að lumbricala vantar. Í þumal er flexor pollicis longus eini vöðvinn með fullum krafti (ex tensor pollicis brevis og longus voru ekki með í áverkanum né heldur taug þeirra, en átak þeirra nýtist illa vegna skorts á stabiliteti). Flexor pollicis brevis hefur sæmilegt afl, abductor pollicis longus er allgóður, en abductor pollicis brevis er lélegur. Abductio á þumli og oppositio eru kraftlitlar hreyfingar. Á svæðum n. medianus og n. ulnaris er húðskyn truflað, það er ýmist hypo- eða anaesthesia. Hann hefur fengið „tropical“ sár á fingurgóma. Hið síðasta er nú að gróa.

Niðurstaða: Tæplega 5 mánuðir liðnir frá áverka á flexorasinar v. handar, á n. medianus og n. ulnaris. Framfarir allgóðar. Hönd er talsvert nothæf til starfa, takmörkuð mest af tapi á húðskyni“.

Þá liggur einnig fyrir nýtt vottorð frá Hauki Þórðarsyni, dags. 25. 1. 1969, og er það vottorð raunverulega áframhald fyrri vottorðs, en þetta vottorð er þannig:

„Sigurjón Einarsson, f. 4. 12. '48, Landagötu 3 A, Vestmannaeyjum.

Ofangreindur piltur lenti með vinstri hönd í fiskvinnsluvél, er hann var við vinnu í Fiskiðjunni h.f., Vestmannaeyjum, þ. 15. 6. 1966.

Vísast til læknisvottorðs frá 3. nóv. 1966.

Sj. var á Reykjalundi frá 15. 7. '66 til 8. 12. '66, en þ. 9. 12. '66 var gerð aðgerð á IV. d. Landsp. (Árni Björnsson), en þá var

nervus medianus exploreraður. Kom í ljós, að töluverður diastasi var á tauginni, en þetta var saumað saman. Einnig hafði stórt neurinom myndast á proximala endanum. Fór hann eftir þetta til Vestmannaeyja, vann þar eitthvað sumarið 1967. Vinstri hönd vildi krepfast og tilfinningaleysi í húð á hendi háði honum mikið. Haustið 1967 var hann enn innlagður inn á IV. d. Landsp. og nervus medianus skoðaður. Reyndist nýtt neurinoma hafa myndast á suturstað, og var á ný gert við þetta. Hann leitaði til undirritaðs á Æfingast. Styrktarfé. lamaðra og fatlaðra þ. 24. nóv. 1967. Þá var ekkert húðskyn á innervations svæði nervus medianus og minnkað húðskyn á svæði nervus radialis og ulnaris. Flexio í v. úlnlið var þá góð, en extensio engin og passiv extensio sár. Þumalhreyfing var þá góð og sterk nema adductio og flexio í MP-lið. Enginn máttur var í smávöðvum handar, sem tilheyrðu nervus medianus. Hann gat ekki extenderað fingur nema lítið eitt og flecterað aðeins á kafla. Hann hóf þá æfingameðferð og hélt henni áfram fram til 23. febr. 1968. Máttur og hreyfanleiki í v. hendi var þá orðinn betri, þótt ennþá væri langt frá því að vera góð (Klóhandar tilhneiging). Húðskyni var þá ennþá mjög áfátt, þó meiri hyperaesthesia en áður.

Þumalfunctio var léleg vegna paresu á áðurnefndum vöðvum. Um það leyti sem hann hætti í æfingum, skoðaði Árni Björns-son höndina m. t. t. hugsanlegrar smá transplantationar í þumal. Seinna transplantið var síðar gert á IV. d. Lsp. (Árni Björns-son) þ. 16. 10. 1968. Hann var síðar á æfingum á æfingarstöðinni fram að 17. 1. 1969. Framfarir voru ágætar. Hreyfingar í úlnlið eru með eðlilegum hætti. Hann hefur ennþá tilhneingingu til að mynda klóhönd. Það er rýrnun í interossealvöðvum í tenar og hypothenar. Húðskyn er nú þannig, að það er nokkuð minnkað á hendi bæði volart og dorsalt, en hvergi alveg horfið, og það er ennþá hyperaesthesia ulnart á handarbaki og rétt aðeins vottur ulnart á lófa. Það hefur þannig orðið góð framför varðandi húðskyn við notkun handarinnar. Hreyfing fingra er sæmilega sterk og extensionshæfni sæmileg.

Þumall: Abductio er góð, kraftur 3, adductio eðlil. m. t. t. krafta og fimis, flexionsferill í MP-lið er allgóður og styrkur við átakið 2—3, í IP-lið eðlilegir kraftar og ferill, extensio í MP-lið er allsterk, eða 3—4, og ferill eðlil., í IP-lið er extensionsferill eðlilegur og styrkur 3. Við fulla réttingu á MP-liðum fingra kemur nokkur óhjákvæmileg flexio í PIP-liði. Extension í IP, PIP og DIP-liðum fingra er sæmilega sterk svo og flexion í

Þessum liðum. Grip er þannig allgott, og er flexio sterkari en extensio, þannig að aðalerfiðleikarnir í sambandi við grip handar er við opnun gripsins. Telja má, að fullnaðarárangur hafi fengizt af skurðaðgerðinni og æfingameðferð, og eru frekari læknisaðgerðir ekki fyrirhugaðar.

Pilturinn hefur ekki verið fús til ráðagerða um störf í framtíðinni. Sérlega hefur hann haft lítinn áhuga á námi. Hann hefur áður verið í sambandi við Guðmund Löve m. t. t. vinnuúttegunar, og er honum ráðlagt að hafa á ný samband við hann. Enn fremur gerir pilturinn ráð fyrir því að hverfa til heimkynna sinna og leita sér þar atvinnu“.

Slasaði hefur komið til viðtals hjá undirrituðum, og er skoðun algerlega í samræmi við það, sem fram kemur í vottorði Hauks Þórðarsonar.

Ályktun: Hér er um að ræða tvítugan mann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir 2½ ári. Við slysið hlaut hann mikinn skurð á vinstri framhlegg, þannig að ölnarbein fór í sundur, allar beygisinar fingra og úlnliðs, og auk þess var sköddun á báðum taugum handarinnar. Vafalaust hefur einnig verið sköddun á úlnaræð. Sem afleiðingu þessa meiðslis nú þá hefur maðurinn mikinn stírðleika og kraftminkun í öllum fingrum vinstri handar og auk þess lamanir og skyntruflanir svarandi til sköddunar á báðum taugum handarinnar. Gagnsemi handarinnar er mjög mikið skert, og verður að telja, að um sé að ræða tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 7 mánuði	100%	örorka
Í 6 —	75%	—
Í 3 —	50%	—
Í 14 —	100%	—
Í 3 —	75%	—
Í 3 —	50%	—
og síðan varanleg örorka 40%“.		

Á grundvelli örorkumats Páls Sigurðssonar reiknaði Þórir Bergsson, cand. act., út örorkutjón stefnanda og skilaði greinargerð 9. apríl 1969. Í upphafi ræðir hann um slysið og gerir grein fyrir örorkumati Páls Sigurðssonar. Síðan segir á þessa leið:

„Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Sigurjóns tvö almanaksárin fyrir slysið og slysárið fram að slysdegi hafa vinnutekjur hans verið:

Árið 1964	kr. 48.626.00
— 1965	— 85.131.00
— 1966	— 83.569.00

Árið 1964 mun einungis um frítímavinnu að ræða, því að þá var Sigurjón í gagnfræðaskóla. Hann lauk námi vorið 1965. Þessar tekjur sýna, að Sigurjón hefur aflað sér verulega hærri tekna en venja er að áætla unglingum. Ég mun því nota skattframtalstekjur hans slysárið umreiknaðar til kauplags á slysdegi og fram til 22 ára aldurs. Frá 27½ árs aldri, sem er meðalgiftingaraldur Íslenskra karla, nota ég sem árstekjur 250.000.00 kr., en það er mjög nærri þeirri tölu, sem fæst úr úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar yfir tekjur kvæntra verkamanna. Hækkuninni frá 22 ára aldri til 27½ árs aldurs er dreift jafnt á árin þar á milli.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin.

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
Á 18. aldursári	kr. 90.752.00	kr. 90.752.00
- 19. —	— 182.464.00	— 68.877.00
- 20. —	— 188.566.00	— 188.561.00
- 21. —	— 210.066.00	— 107.662.00
- 22. —	— 210.066.00	— 84.026.00
- 23. —	— 215.058.00	— 86.023.00
- 24. —	— 221.714.00	— 88.686.00
- 25. —	— 228.370.00	— 91.348.00
- 26. —	— 235.026.00	— 94.010.00
- 27. —	— 241.682.00	— 96.673.00
- 28. —	— 248.338.00	— 99.335.00
Síðan árlega	— 250.000.00	— 100.000.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 359.843.00
Vegna varanlegrar örorku	— 1.011.284.00

Samtals kr. 1.371.127.00

Sigurjón hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 23. 6. 1966 til 31. 1. 1967 og 27. 10. 1967 til 31. 12. 1968, alls kr. 91.135.60, og eingreiðslu 24. 2. 1969, kr. 224.924.00 að viðbætti 17% hækkun 14. 3. 1969, kr. 38.264.00. Samtals hafa greiðslur til hans frá Tryggingastofnuninni því verið 354.323.60 kr., sem ekki hefur verið dregið frá.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hefi ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Stefnandi heldur því fram, að stefndu beri tvímælausa og óskipta bótaábyrgð á slysinu. Orsakir slyssins megi fyrst og fremst rekja til mistaka eða handvammrar starfsmanna Fiskiðjunnar, sem komu stefnanda til hjálpar, er hann hafði festst í vélinni. Einnig hafi búnaði vélarinnar verið áfátt og vinnuástaða ekki eins góð sem vera bæri. Í því sambandi hefur stefnandi bent á, að sérstakur rofi hafi ekki verið í húsinu fyrir utan rofann, sem var á vélinni sjálfri, og í þeim rofa kom fram bilun, án þess að stefnanda verði um kennt. Svo hafi og þess ekki verið gætt af hálfu starfsmanna Fiskiðjunnar að sjá um, að rimlapallurinn, sem stefnandi stóð á við vinnu sína, væri nægjanlega hreinsaður, svo að hann væri hvorki háll né sleipur.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur Tryggingamiðstöðinni h/f. Stefndi Fiskiðjan hafi raunar með frjálsum samkomulagi keypt tryggingu hjá Tryggingamiðstöðinni á vissu tjóni í atvinnurekstri sínum, en það samkomulag veitti stefnanda ekki heimild til beinnar málshöfðunar gegn tryggingafélaginu. Beri því að sýkna tryggingafélagið með öllu í máli þessu. Stefndi Fiskiðjuna beri einnig að sýkna vegna þess, að slysið hafi atvikast með þeim hætti, að Fiskiðjuni verði ekki um kennt. Frágangur og búnaður vélarinnar hafi verið óaðfínanlegur og aðstaða á vinnustað hafi ekki verið þannig, að til hennar mætti rekja orsakir slyssins. Starfsmönnum Fiskiðjunnar verði ekki heldur um kennt, þótt þeim tækist ekki að forða slysinu (sic). Orsakir slyssins megi að öllu leyti rekja til aðgæzluleysis stefnanda sjálfs og að öðrum þræði til sjóndepru hans. Til vara er þess krafist, eins og áður er að vikið, að sök verði skipt, ef svo yrði litið á, að stefndi Fiskiðjan bæri að einhverju leyti bótaábyrgð á slysinu.

Af hálfu hinna stefndu er viðurkennt, að stefndi Fiskiðjan h/f

hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f og nemi hámark bóta samkvæmt þeim samningum kr. 800.000.00 fyrir einstakt tjón vegna einstaklings. Samningurinn eða samningarnir um ábyrgðartrygginguna hafa ekki verið lagðir fram. Ábyrgðartryggingin er fengin til verndar hagsmunum Fisk-iðjunnar h/f, án þess að lagaskylda væri til. Hér er því um frjálsa tryggingu að ræða, sem veitir ekki þeim, sem fyrir slysi verða, sjálfstæðan rétt á hendur tryggingafélaginu. Bein málssókn frá þeirra hálfu gegn tryggingafélaginu getur því ekki náð fram að ganga. Samkvæmt þessu verður stefndi Tryggingarmiðstöðin h/f sýknuð að öllu leyti í máli þessu.

Ekki verður annað ráðið en öryggisbúnaður vélarinnar hafi að öllu leyti verið fullnægjandi að álitu Öryggiseftirlits ríkisins, og ekki fór öryggiseftirlitið fram á neinar breytingar, hvorki áður né eftir að slysið vildi til. Um vinnuáðstöðu stefnanda er þess að geta, að hann stóð við vinnu sína á rimlapalli, sem hlaut að vera meira og minna slorugur og blautur, er vélin var í gangi, en að sögn stefnanda ekki slorugur umfram venju, er slysið vildi til. Af hálfu Öryggiseftirlits ríkisins virðist ekki heldur hafa verið gerðar neinar athugasemdir varðandi rimlapallinn eða vinnuáðstöðu þess manns, sem vélinni stjórnaði. Með tilvísun til þessa lítur rétturinn svo á, að öryggisbúnaði vélarinnar eða vinnuáðstöðu á vinnustað hafi ekki verið þann veg háttað, að það leiði til bótaábyrgðar stefnda Fisk-iðjunnar h/f á slysi stefnanda.

Stefnandi er einn til frásagnar um tildrögin að slysinu. Kveðst hann hafa verið að draga fisk úr kassanum að hausaranum, er honum skrikaði fótur og féll fram yfir sig og til hliðar og lenti með vinstri hönd á færiband, sem flytur fiskinn að hnífnum. Stefndi hefur ekki sannað né leitt að því viðunandi líkur, að slysið hafi borið að með öðrum hætti, og verður því framburður stefnanda lagður til grundvallar að þessu leyti.

Ágreiningur er um, hvað hafi valdið bilun í stopprofanum. Rofinn hafi verið í góðu lagi allan daginn og einnig dagana á undan, en þegar stefnandi festist í vélinni, reyndist hann óvirkur að miklu leyti og stöðvaði ekki vélina, nema því aðeins að þrýst væri stöðugt á hann. Áður er þess getið, hvernig biluninni var háttað, og tilgáta rafvirkja, að bilunin kunni að hafa hlotizt af höggi eða við snöggan og mikinn þrýsting á stopphnappinn. Stefndi kveðst ekki hafa þrýst fast á hnappinn, er í óefni var komið, enda hafi það tæplega verið hægt. Þessum framburði hefur ekki

verið hnekkst og stefnda ekki tekizt að sanna, að stefnandi hafi átt sök á biluninni. Bilun rofans verður því að reiknast stefnda til ábyrgðar.

Að sögn stefnanda hlaut hann aðalmeiðsli sín, eftir að starfsmenn Fiskiðjunnar komu á vettvang honum til hjálpar. Segir hann, að þegar Guðmundur Ólafsson sleppti taki á rofanum í hendur Marinós Nordendals eða um leið og þeir skiptu, hafi vélin farið í gang og vinstri hönd sín borizt inn á milli hnífanna. Guðmundur Ólafsson kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hvort vélin hafi farið í gang, er hann sleppti taki á stopprofanum, og ekki kvaðst hann heldur hafa gert sér grein fyrir, er hann kom að, hve nærri hnífunum hönd stefnanda var komin. Framburður Guðmundar gengur því ekki í bága við frásögn stefnanda, og þar sem öðrum upplýsingum er ekki til að dreifa, verður frásögn stefnanda að þessu leyti lögð til grundvallar.

Áður er þess getið, að öryggisbúnaður vélarinnar og aðstaða á vinnustað verði að teljast fullnægjandi, en þrátt fyrir það hlaut starfið að hafa nokkra hættu í för með sér, ef aðgát og varúð væri eigi sýnd. Rimlapallurinn var venjulega blautur og sleipur, og færiband og hnífar vélarinnar gátu valdið tjóni, ef tilhlýðileg aðgæzla var ekki viðhöfð. Stefnandi viðurkennir að hafa runnið á rimlapallinum og fallið utan á færibandið, og virðist mega líta svo á, að slíkt hefði ekki komið fyrir, ef stefnandi hefði gætt tilhlýðilegrar varúðar í starfinu. Af þessu leiðir, að stefnandi ber sjálfur nokkra sök á slysinu. Sjón stefnanda var slæm og fjarlægðarskyn sennilega skert, en naumast verður litið svo á, að það hafi átt þátt í slysinu nema þá óverulega, enda taldi stefnandi sjálfur, að sjónin hafi ekki bargað hann í starfinu. Bilun stopprofans verður samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að reiknast stefnda Fiskiðjunni til ábyrgðar, og einnig ber félagið ábyrgð á mistökum, sem starfsmenn þess sýndu, er þeir komu stefnanda til hjálpar, og hér að framan er lýst. Samkvæmt þessu þykir stefnandi eiga að bera sjálfur ábyrgð á slysinu að $\frac{1}{3}$ hluta, en stefndi Fiskiðjan h/f að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar á þessa leið:

1. Örorkutjón samkvæmt útreikningum Þóris Bergssonar . . .	kr. 1.371.127.00
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	— 354.323.60

kr. 1.016.803.40

2. Greitt Páli Sigurðssyni lækni fyrir örorkumat kr.	2.500.00
3. Greitt Þóri Bergssyni fyrir örorkuútreikning .. —	3.250.00
4. Ferðakostnaður til að leita sér læknishjálpar utan Vestmannaeyja, ferðir —	16.000.00
5. Uppihald í Reykjavík, meðan stóð á sjúkrahjúlfun, bílkostnaður o. fl., 335 dagar á kr. 500.00 —	167.500.00
6. Miskabætur, bætur fyrir sárindi, lýti, óþægindi, röskun á stöðu og högum —	500.000.00

Samtals kr. 1.706.053.40

÷ greitt af Tryggingamiðstöðinni

h/f 10. febrúar 1967 kr. 25.000.00

og sama 25. nóvember 1967 — 25.000.00

50.000.00

Samtals kr. 1.656.053.40

Um 1. Útreikningur Þóris Bergssonar, cand. act., á örorkutjóni stefnanda er byggður á örorkumati Páls Sigurðssonar læknis, sem rakið er hér að framan, og er þar einnig tilfærð greinargerðin fyrir útreikningnum. Stefndi hefur mótmælt kröfufullum sem of háum og vakti athygli á, að enginn frádráttur væri gerður vegna opinberra gjalda. Svo var og bent á, að samkvæmt bókhaldi Fiskiðjunnar h/f eru tekjur stefnanda hjá fyrirtækinu árin 1967 og 1968 sem hér segir:

Árið 1967 kr. 96.825.44

— 1968 — 59.444.59

Taldi stefndi, að taka bæri tillit til þessara launagreiðslna, er örorkubætur yrðu ákveðnar. Upplýsingar þessar benda til, að bætur vegna tímabundinnar örorku séu reiknaðar nokkru hærri en vera ætti. Með tilliti til þessa og það jafnframt haft í huga, að bætur eru skattfrjálsar, og enn fremur tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, sem stefnandi dregur frá kröfu sinni, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 500.000.00.

Um 2 og 3. Kröfufuliðir þessir eru réttir, en tilheyra málskostnaði og verða teknir til greina, er málskostnaður verður ákveðinn.

Um 4. Kröfufuliður þessi nemur kr. 16.000.00, og hefur stefnandi

lagt fram farseðla fyrir samtals kr. 11.750.00. En auk þess kveðst hann hafa greitt kr. 4.250.00 í fargjöld vegna ferða til að leita sér lækninga, en ekki tekið kvittanir fyrir. Virðist ekki ástæða til að vefengja þessa frásögn, og verður kröfuliður þessi því tekinn til greina að fullu.

Um 5. Kröfuliður þessi er fyrir upphald og bifreiðakostnað, meðan stefnandi dvaldist í Reykjavík við sjúkrahjálfun og er hann leitaði sér sérfræðilegrar læknishjálpar. Kveðst hann hafa dvalið í þessu skyni í Reykjavík í samtals 335 daga og reiknar kostnaðinn á dag kr. 500.00, eða alls kr. 167.500.00. Sjúkrasaga stefnanda er rakin hér að framan, og er ljóst, að hann þurfti vegna meiðslanna að dveljast langdvölum í Reykjavík. Kostnaður við dvöl hans þar hefur hlotið að vera allmiklu meiri en kostnaður við upphald hans hér, og þykir eftir atvikum hæfilegt að áætla honum í bætur samkvæmt þessum lið kr. 100.000.00.

Um 6. lið. Stefnandi krefst kr. 500.000.00 í miskabætur. Hér að framan er gerð grein fyrir meiðslum hans, sem voru mikil og varanleg og leiddu til þess, að hann varð hvað eftir annað að gangast undir lækniáðgerðir. Vinstri hönd hans er varanlega lýtt, handleggur visinn og fingur krepptir. Enn hefur hann stöðugan seiðing í handleggnum. Með tilvísun til þessa þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00.

Samkvæmt því, sem nú er fram tekið, nema hæfilegar bætur vegna slyssins kr. 500.000.00, kr. 16.000.00, kr. 100.000.00 og kr. 100.000.00, eða alls kr. 716.000.00. Af þeirri fjárhæð ber stefnda Fiskiðjuni h/f að greiða $\frac{1}{2}$ hluta, eða kr. 481.334.00. Inn á þá fjárhæð hefur Tryggingamiðstöðin h/f greitt kr. 50.000.00. Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda Fiskiðjuni h/f verður dæmt til að greiða stefnanda kr. 431.334.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. júní 1966 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi Fiskiðjan h/f greiði stefnanda kr. 52.000.00 í málskostnað, og er þar innifalinn kostnaður við örorkumat og örorkuútreikning.

Eins og áður segir, verður Tryggingamiðstöðin algerlega sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu, og rétt þykir að ákveða, að stefnandi greiði henni kr. 3.000.00 í málskostnað.

Dómsuppsaga hefur dregið vegna anna dómsformanns við mánaðaruppgjör og önnur störf.

Dómsorð:

Stefndi Tryggingamiðstöðin h/f skal vera sýkn af kröfum

stefnanda, Sigurjóns Einarssonar, í máli þessu. Stefnandi, Sigurjón Einarsson, greiði stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f kr. 3.000.00 í málskostnað.

Stefndi Fiskiðjan h/f greiði stefnanda, Sigurjóni Einarssyni, kr. 431.334.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. júní 1966 til greiðsludags og kr. 52.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. apríl 1970.

Nr. 116/1969. **Stefán G. Ásmundsson**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Gylfa Gunnarssyni

(Birgir Ísl. Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Egilsson, bæjarstjóri á Neskaupstað, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómendum Sveinbirni Á. Sveinssyni og Guðjóni Marteinsyni skipstjórum.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. júní 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 63.570.50 með 1% vöxtum á mánuði frá 9. marz 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, „að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda“, en til vara, „að hann verði dæmdur til greiðslu mun lægri fjárhæðar“. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar.

Í héraðsdómi eru málsatvik lítt rakin, og eigi er getið þar nema að nokkru málsástæðna aðilja. Í dóminum koma